

Skýrsla stjórnar Skagafjarðarveitna ehf. fyrir starfsárið 2008.

Árið 2008 var erfitt rekstrarár vegna hruns fjármálakerfisins á Íslandi. Þessar breytingar á rekstrarumhverfinu höfðu veruleg áhrif á rekstur félagsins, en þrátt fyrir þetta áfall er reksturinn traustur. Ljóst er að fjármunir til framkvæmda verða ekki fyrir hendi frá rekstri nema efnahagsástandið batni.

Helstu framkvæmdir liðinna ára hafa verið stækkun hitaveitukerfisins í firðinum en lögbundnir styrkir til þeirra framkvæmda hafa borist seint frá ríkinu og hefur það einnig valdið erfiðleikum.

Af þessum sökum og vegna skuldastöðu Háskólans á Hólum við félagið voru vaxtagreiðslur félagsins óeðlilega háar á rekstrarárinu enda skuldavextir mjög háir.

Helstu framkvæmdir Hitaveitu:

- Lokið var við framkvæmdir við hitaveitu út að austan og urðu tengingar alls 145. 27 hús voru ekki farin að nota heita vatnið um síðastliðin áramót.
- Ákveðið var að hætta tilraunaborun við Kýrholt vegna erfiðleika. Ekki gekk að ná borkrónu upp úr holunni með nýjum og öflugum bor, en borkrónan hafði setið þar föst síðan borinn Tröllli gafst upp árið 2006. Reynt var að fara út úr holunnu ofan við festuna en það mistókst.
- Dælustöð fyrir heitt vatn var byggð við Sólgarða í Fljótum og verður hún tengd fljótlega.
- Lokið var við frágang á mannvirkjum við borholu og gasskilju á Reykjarhóli í Varmahlíð.
- Endurnýjuð og stækkuð stofnlögnin út Eyrarveg á Sauðárkróki að höfninni.

Heildarkostnaður við hitaveitu út að austan er samtals um 241 mkr.

Helstu framkvæmdir vatnsveitu:

- Lokið við nýjan 180 m³ kaldavatnstank á Hólum í Hjaltadal og tengingum við hann ásamt stofnlögn að byggðinni.
- Lokið var við samskonar kaldavatnstank fyrir Steinsstaði en sá tankur er staðsettur í landi Skíðastaða. Báðar þessar framkvæmdir eru til mikilla bóta fyrir kaldvatnsbúskap beggja staðanna.
- Boruð var ný 14" kaldavatnshola fyrir vatnsveituna á Steinsstöðum í landspildu veitnanna í landi Steintúns.

Helstu framkvæmdir sjóveitu:

- Virkjaðar voru tvær sjóholur á Sandfangara við hafnarsvæðið á Sauðárkróki, en vandamál kom upp varðandi sandburð inn í holurnar þannig að pantaðar voru sérstakar síur erlendis frá til að skilja sandinn frá við dælingu.
- Lögð ný 225 mm PEH stofnlögn frá Sandfangara að Dögun.

Gjaldskrá hitaveitu var hækkuð tvisvar á árinu um samtals 9,2 %, á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 18,6 % og byggingavísitalan um 26,7 %.

Stjórnarfundir voru samtals 15 á árinu.

Fastir starfsmenn voru 11 um áramót og eru þeim þökkuð vel unnin störf.

F.h. stjórnar Skagafjarðarveitna